

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2015/2303****2021/EES/60/05****frá 28. júlí 2015**

um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina skilgreiningarnar á og samræma viðbótareftirlitið með samþjöppun áhættu og viðskiptum innan samstæðu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB frá 16. desember 2002 um viðbótareftirlit með lánastofnunum, váttryggingafélögum og fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu sem eru hluti af fjármálasamsteypu og um breytingu á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE, 79/267/EBE, 92/49/EBE, 92/96/EBE, 93/6/EBE og 93/22/EBE og á tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/78/EB og 2000/12/EB ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. a í 21. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Mæla ætti fyrir um tæknilega eftirlitsstaðla til að koma á nákvæmari framsetningu á skilgreiningunum sem settar eru fram í 2. gr. tilskipunar 2002/87/EB og til að tryggja viðhlítandi samræmingu ákvæðanna um viðbótareftirlit sem samþykkt voru skv. 7. og 8. gr. og II. viðauka þeirrar tilskipunar.
- 2) Mikilvægt er að kveða nánar á um atriði er varða þætti sem taka á tillit til þegar tilkynnt er um umtalsverð viðskipti innan samstæðu og umtalsverða samþjöppun áhættu.
- 3) Samkvæmt ákvæðum 7. og 8. gr. tilskipunar 2002/87/EB eiga aðildarríki að gera kröfu um tiltekna gagnaskilakvöð á eftirlitsskylda aðila eða blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi. Slík gagnaskil ættu að fara fram með samræmdum hætti þannig að þau nýtist samræmingaraðilum og öðrum viðkomandi lögbærum yfirvöldum við að greina mikilvæg vandamál og auðvelda skilvirkari upplýsingaskipti. Til að ná meira samræmi í skýrslum um umtalsverða samþjöppun áhættu og viðskipti innan samstæðu ættu eftirlitsskyldir aðilar og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi að gefa skýrslu um a.m.k. tiltekna staðlaðar lágmarkupplýsingar til samræmingaraðilanna.
- 4) Ákvæði 7. og 8. gr. tilskipunar 2002/87/EB veita einnig samræmingaraðilum heimild til að vakta umtalsverða samþjöppun áhættu og umtalsverð viðskipti innan samstæðu og skilgreina tegundir áhættu og viðskipta, sem eftirlitsskyldir aðilar í fjármálasamsteypu verða að tilkynna. Samræmingaraðilum er einnig veitt heimild til að skilgreina viðmiðunarmörk. Til að samræma þessi ákvæði ætti að mæla fyrir um aðferðafræði til stuðnings fyrir samræmingaraðila og önnur viðkomandi lögbær yfirvöld við að gegna hlutverkum sínum.
- 5) Ráðstafanir sem eru til staðar fyrir viðbótareftirlitið með samþjöppun áhættu og viðskiptum innan samstæðu eru breytilegar í Sambandinu. Því ætti, með hliðsjón af gildandi lagamma Sambandsins sem og einstakra ríkja, að mæla fyrir um nokkrar lágmarks eftirlitsráðstafanir að því er varðar viðbótareftirlit með samþjöppun áhættu og viðskiptum innan samstæðu. Með því taka tillit til þessara lágmarksráðstafana tryggja lögbær yfirvöld jöfn samkeppnisskilyrði og auðvelda samræmingu eftirlitsaðferða í Sambandinu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjóð. ESB L 326, 11.12.2015, bls. 34. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjóð. ESB L 35, 11.2.2003, bls. 1.

- 6) Kröfurnar sem settar eru fram að því er varðar eftirlitsskylda aðila eða blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi eru byggðar á núverandi kröfum fyrir sérsvið um samþjöppun áhættu og viðskipti innan samstæðu og ættu ekki að vera álitnar eftirrit þeirra krafna.
- 7) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem evrópsku eftirlitsstofnanirnar (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin, Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) hafa lagt fram fyrir framkvæmdastjórnina.
- 8) Evrópsku eftirlitsstofnanirnar hafa haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitni viðkomandi hagsmunahópa þeirra í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ⁽¹⁾, nr. 1094/2010 ⁽²⁾ og nr. 1095/2010 ⁽³⁾, eftir því sem við á.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um:

- a) staðfestingu á nákvæmari framsetningu skilgreininganna á „viðskiptum innan samstæðu“ og „samþjöppun áhættu“ sem settar eru fram í 18. og 19. lið 2. gr. tilskipunar 2002/87/EB með því að mæla fyrir um viðmiðanir fyrir mat á hvenær þær eru að eðli til umtalsverðar.
- b) samræmingu á ákvæðunum sem samþykkt eru skv. 7. og 8. gr. og II. viðauka tilskipunar 2002/87/EB að því er varðar:
 - i. upplýsingarnar sem eftirlitsskyldir aðilar eða blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi eiga að veita samræmingaraðilanum og öðrum viðkomandi lögbærum yfirvöldum í þeim tilgangi að hafa sérstakt eftirlit með samþjöppun áhættu og viðskiptum innan samstæðu,
 - ii. aðferðafræðina sem samræmingaraðilinn og viðkomandi lögbær yfirvöld eiga að beita í þeim tilgangi að skilgreina tegundir umtalsverðrar samþjöppun áhættu og viðskipta innan samstæðu,
 - iii. eftirlitsráðstafanirnar sem lögbær yfirvöld eiga að beita eins og um getur í 3. mgr. 7. gr. og 3. mgr. 8. gr. tilskipunar 2002/87/EB.

2. gr.

Umtalsverð viðskipti innan samstæðu

1. Umtalsverð viðskipti innan samstæðu geta náð yfir eftirfarandi viðskipti innan fjármálasamsteypu:
 - a) fjárfestingar og reikningsjöfnun innan félagsins, þ.m.t. á fasteign, skuldabréfi, hlutabréfi, láni, blendings- og víkjandi gerningum, veðtryggðri skuld, fyrirkomulagi við miðstýringu á eignum eða reiðufé eða kostnaðardeilingu, lífeyrisfyrirkomulagi, framboði á stjórnunar-, bakvinnslu- eða annarri þjónustu, arðgreiðslum, vaxtagreiðslum og öðrum fjárkröfum,
 - b) tryggingar, skuldbindingar, ábyrgðir og önnur viðskipti utan efnahagsreiknings,

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

- c) afleiðuviðskipti,
- d) kaup, sölu eða leigu eigna og skulda,
- e) þóknarir innan samstæðu tengdar dreifingarsamningum,
- f) viðskipti sem færa áhættuskuldbindingar milli eininga innan fjármálasamsteypunnar, þ.m.t. viðskipti við félög með sérstakan tilgang eða einingar í hliðarstarfsemi,
- g) váttrygginga- og endurtryggingaviðskipti,
- h) viðskipti sem samanstanda af nokkrum tengdum viðskiptum þar sem eignir eða skuldir eru yfirfærðar til eininga utan fjármálasamsteypunnar, en að endingu er áhættuskuldbinding færð aftur til fjármálasamsteypunnar.

2. Að því er varðar eftirlitsskyldar einingar og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi, skulu samræmingaraðili og önnur viðkomandi lögbær yfirvöld, þegar þau tilgreina tegundir umtalsverðra viðskipta innan samstæðu, skilgreina viðeigandi viðmiðunarmörk, tímabil fyrir gagnaskil og vöktun umtalsverðra viðskipta innan samstæðu, einkum taka tillit til:

- a) sértæks skipulags fjármálasamsteypunnar, flækjustigs viðskipta innan samstæðu, sérstakrar landfræðilegrar staðsetningar mótaðilans og þess hvort mótaðilinn sé eftirlitsskyldur aðili eða ekki,
- b) mögulegra smitáhrifa innan fjármálasamsteypunnar,
- c) mögulegrar sniðgöngu reglna um sérsvið,
- d) mögulegra hagsmunaárekstra,
- e) gjaldþols- og lausafjárstöðu mótaðilans,
- f) viðskipta meðal eininga sem tilheyra ólíkum sviðum í fjármálasamsteypu, ef þau hafa ekki þegar verið tilkynnt á viðkomandi sérsviði,
- g) viðskipta innan fjármálageirans, sem ekki hafa þegar verið tilkynnt í samræmi við ákvæðin í reglunum um sérsvið.

3. Samræmingaraðili og önnur viðkomandi lögbær yfirvöld skulu sammælast um form og innihald skýrslunnar um umtalsverð viðskipti innan samstæðu, þ.m.t. tungumál, skiladagsetningar og boðskiptaleiðir.

4. Samræmingaraðili og önnur viðkomandi lögbær yfirvöld skulu a.m.k. krefja eftirlitsskylda aðila eða blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi um að tilkynna um eftirfarandi:

- a) dagsetningar og fjárhæðir umtalsverðra viðskipta, heiti og fyrirtækjaskráningarnúmer eða önnur auðkenninúmer viðkomandi eininga samstæðunnar og mótaðilanna, þ.m.t., eftir atvikum, auðkenni lögaðila (LEI kóði),
- b) stutta lýsingu á umtalsverðum viðskiptum innan samstæðu samkvæmt tegundum viðskipta sem sett eru fram í 1. mgr.,
- c) heildarumfang allra umtalsverðra viðskipta innan sérstakrar fjármálasamsteypu innan ákveðins reikningstímabils,
- d) upplýsingar um hvernig tekist er á við hagsmunaárekstra og áhættu af smitáhrifum á stigi fjármálasamsteypunnar í tengslum við umtalsverð viðskipti innan samstæðu, með hliðsjón af stefnuáætlun fjármálasamsteypunnar um að sameina starfsemi í banka-, váttrygginga- og fjárfestingarþjónustugeirunum, eða mat á eigin áhættu fyrir hvert sérsvið, þ.m.t. hvernig tekist er á við hagsmunaárekstra og áhættu af smitáhrifum er varðar umtalsverð viðskipti innan samstæðu.

5. Viðskipti sem eru framkvæmd sem hluti af einstakri fjárhagslegri aðgerð skulu lögð saman í þeim tilgangi að reikna út viðmiðunarmörk skv. 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 2002/87/EB.

3. gr.

Umtalsverð samþjöppun áhættu

1. Ef um er að ræða eftirlitsskylda aðila og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi skal umtalsverð samþjöppun áhættu talin stafa af áhættuskuldbindingum vegna mótaðila sem ekki eru hluti af fjármálasamsteypunni, þegar þessar áhættuskuldbindingar:

- a) eru beinar eða óbeinar,
- b) eru liðir innan eða utan efnahagsreiknings,

- c) varða eftirlitsskyldar og óeftirlitsskyldar einingar, innan sömu eða mismunandi sérsviða fjármálamarkaðar í fjármálasamsteypu,
- d) samanstanda af hvers konar samsetningu eða samspili áhættuskuldbindinganna sem settar eru fram í a-, b- eða c-lið.
2. Mótaðilaáhætta eða útlánaáhætta skal einkum talin innihalda, áhættur sem tengjast samtengdum mótaðilum í samstæðum, sem ekki mynda hluta af fjármálasamsteypunni, þ.m.t. uppsafnaðar áhættuskuldbindingar vegna þessara mótaðila.
3. Að því er varðar eftirlitsskyldar einingar og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi, skulu samræmingaraðilinn og önnur viðkomandi lögbær yfirvöld, þegar þau tilgreina tegundir umtalsverðrar samþjöppun áhættu, skilgreina viðeigandi viðmiðunarmörk, tímabil fyrir gagnaskil og vöktun umtalsverðrar samþjöppunar áhættu innan samstæðu, einkum taka tillit til:
- a) gjaldþols- og lausafjárstöðu á stigi fjármálasamsteypunnar og einstakra eininga innan fjármálasamsteypunnar,
- b) stærðar, flækjustigs og sértæks skipulags fjármálasamsteypunnar, þ.m.t. félaga með sérstakan tilgang, eininga í hliðarstafsemi, eininga þriðju landa,
- c) sértæks áhættustýringarfyrirkomulags fjármálasamsteypunnar og einkenna stjórnkerfisins,
- d) fjölþættingar á áhættuskuldbindingum fjármálasamsteypunnar og fjárfestingasafni hennar,
- e) fjölþættingar á fjármálastarfsemi fjármálasamsteypunnar, með tilliti til landfræðilegra svæða og atvinnugreina,
- f) sambands, fylgni og víxlverkunar milli áhættuþátta allra eininganna í fjármálasamsteypunni,
- g) mögulegra smitáhrifa innan fjármálasamsteypunnar,
- h) mögulegrar sniðgöngu reglna um sérsvið,
- i) mögulegra hagsmunaárekstra,
- j) stigs eða umfangs áhætta,
- k) mögulegrar uppsöfnunar og víxlverkunar áhættuskuldbindinga, sem einingar sem tilheyra mismunandi sérsviðum fjármálasamsteypunnar hafa stofnað til, ef það hefur ekki þegar verið tilkynnt viðkomandi sérsviði,
- l) áhættuskuldbindinga innan fjármálageira fjármálasamsteypunnar, sem ekki hefur verið tilkynnt um samkvæmt ákvæðum reglnanna um sérsvið.
4. Samræmingaraðili og önnur viðkomandi lögbær yfirvöld skulu koma sér saman um form og innihald skýrslunnar um umtalsverða samþjöppun áhættu, þ.m.t. tungumálið, skiladagsetningar og boðskiptaleiðir.
5. Samræmingaraðili og önnur viðkomandi lögbær yfirvöld skulu krefja eftirlitsskylda aðila eða blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi um að gefa skýrslu a.m.k. um eftirfarandi:
- a) lýsingu á umtalsverðri samþjöppun áhættu samkvæmt tegundum áhættu sem settar eru fram í 1. mgr.,
- b) sundurgreiningu á umtalsverðu samþjöppun áhættu eftir mótaðilum og samstæðum samtengdra mótaðila, landsvæðum, atvinnugreinum, gjaldmiðlum, auðkenningu á nöfnum, fyrirtækjaskráningarnúmerum eða öðrum auðkennisnúmerum viðkomandi samstæðueininga fjármálasamsteypunnar og mótaðila þeirra hverjum og einum, þ.m.t., eftir atvikum, auðkenni lögaðila (LEI kóði),
- c) heildarfjárhæðina á hverri umtalsverðri samþjöppun áhættu við lok sérstaks reikningstímabils, verðmetið samkvæmt gildandi reglum um sérsvið,
- d) ef við á, fjárhæðina á umtalsverðri samþjöppun áhættu að teknu tilliti til áhættuvarna og áhættuvægisstuðla,
- e) upplýsingar um hvernig tekist er á við hagsmunaárekstra og áhættu af smitáhrifum á stigi fjármálasamsteypunnar í tengslum við umtalsverða samþjöppun áhættu, með hliðsjón af stefnuáætlun fjármálasamsteypunnar um að sameina starfsemi í banka-, váttrygginga- og fjárfestingarþjónustugeirum, eða mat á eigin áhættu fyrir hvert sérsvið, þ.m.t. hvernig tekist er á við hagsmunaárekstra og áhættu af smitáhrifum er varða umtalsverða samþjöppun áhættu.

4. gr.

Eftirlitsráðstafanir

Með fyrirvara um allar aðrar eftirlitsheimildir sem þeim er veitt, skulu lögbær yfirvöld einkum,

1. eftir því sem við á, krefja eftirlitsskylda aðila eða blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi um að:
 - a) framkvæma viðskipti innan samstæðu í fjármálasamsteypunni eins og þau væru á milli óskyldra aðila eða tilkynna um viðskipti innan samstæðu sem ekki eru framkvæmd milli óskyldra aðila,
 - b) samþykka viðskipti innan samstæðu í fjármálasamsteypunni í gegnum sérstakar innri málsmeðferðir með aðild stjórnar hennar, eins og um getur í 1. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB ⁽¹⁾, eða stjórnar, framkvæmdastjórnar eða eftirlitsstjórnar eins og um getur í 40. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB ⁽²⁾,
 - c) tilkynna oftast en krafist er skv. 2. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 2002/87/EB, um umtalsverða samþjöppun áhættu og umtalsverð viðskipti innan samstæðu,
 - d) koma á viðbótargagnaskilum um umtalsverða samþjöppun áhættu og umtalsverð viðskipti innan samstæðu í fjármálasamsteypunni,
 - e) styrkja áhættustýringarferlana og innri eftirlitskerfi fjármálasamsteypunnar,
 - f) leggja fram eða bæta áætlanir um að koma á reglufylgni við eftirlitskröfurnar að nýju og setja tímamörk um framkvæmd þeirra,
2. skilgreina viðeigandi viðmiðunarmörk til að auðkenna og vakta umtalsverða samþjöppun áhættu og umtalsverð viðskipti innan samstæðu.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. júlí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnisefirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1).